



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 11. október 2021
VEL2021010038

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga varðandi nýjar reglur Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

Á fundi velferðarráðs þann 6. október sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga um nýjar reglur Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Samþykkt hefur verið að veita velferðarsviði aukna fjárheimild sem nemur alls 100 m.kr vegna nýrra reglna um stoð- og stuðningsþjónustu á árinu 2022, annars vegar 51 m.kr. vegna næturþjónustu og hins vegar 49 m.kr. til að vinna á biðlistum eftir stuðningsþjónustu.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Nýjar heildarreglur byggja á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 vegna stoðþjónustu og lögum um félagsþjónustu nr. 40/1991 vegna stuðningsþjónustu. Í drögunum endurspeglast sú sýn Reykjavíkurborgar að þjónustan skuli vera einstaklingsmiðuð, heildstæð og sveigjanleg. Henni er ætlað að styðja við sjálfstætt og innihaldsríkt líf fatlaðs fólks, bæði á heimili sínu og utan þess. Lögð er áhersla á virðingu fyrir ólíkum einstaklingum og þörfum, sjálfræði og valdeflingu allra til að taka þátt í samfélaginu á eigin forsendum. Umgjörð þjónustu og aðstoðar miðar að því að tryggja rétt einstaklingsins til frelsis, athafna og sjálfstæðs lífs. Nýjar reglur eru taldar geta betur mætt stuðningsþörfum umsækjenda og veita meiri sveigjanleika en nú er gert. Áhersla er lögð á að einfalda alla umsýslu varðandi umsóknir og veitingu þjónustu. Þá er einnig lögð rík áhersla á stafrænar lausnir í þjónustunni. Samhliða samþykkt á reglum þessum er lagt til að fjárheimild velferðarsviðs verði aukin um 100 milljónir á árinu 2022.

Annars vegar 51 milljón vegna næturþjónustu og 49 milljónir til að vinna á biðlistum eftir stuðningsþjónustu. Ljóst er að meta þarf framtíðarfjárförf vegna stuðningsþjónustu þegar reynsla er komin á framkvæmd reglnanna.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér er um að ræða það sem áður kallaðist heimaþjónusta. Fulltrúi Flokks fólksins telur að eigi að taka inn það sem ÖBÍ og Þroskahjálp leggja til, ekki síst það sem kostar borgina ekki krónu eins og tillögur um orðalagsbreytingar. Bent er á að það skorti betri tengingu við samning Sameinuðu þjóðanna en reglurnar eru byggðar á lögum sem byggja á þeim samningi. Minnt er á 5. gr. SRF í þessu samhengi sem kveður á um bann við hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar. Mikilvægast er þó að Reykjavík útrými biðlistum og forgangsöröðun vegna forgangsbiðlista, frekar en að skrifa það inn í regluverkið. Eins og sjá má í úttekt Ríkisendurskoðunar þá eru álitæfni sem lúta að innleiðingu og framkvæmd Reykjavíkur á þessum lögum. Til dæmis að það sé of mikið flækjustig í upplýsingagjöf. Samráði sé ábótavant. Eins á notandi að hafa um það að segja hver þjónustar hann/hana. Mikið er komið inn á tæknilegar lausnir. Það er ekki allir með tölvur eða net. Ný lög um Stafrænt pósthólf bjóða upp á þá hættu að kastað verði fyrir borð meginreglum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 því það er undir hælinn lagt hvort þessi tækni henti öllum. Þeir sem geta ekki nýtt hana gætu týnst í kerfinu.

Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Í minnisblaði sem fylgir með drögum að reglum Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fullorðið fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er fjallað um markmið og hlutverk reglnanna. Lögð er áhersla á að vinna við matið og val á stuðningi fari fram í samvinnu við umsækjanda og taki mið af þörfum hvers og eins. Markmið stuðningsþjónustu er að aðstoða fatlaða einstaklinga sem þurfa vegna aðstæðna sinna á stuðningi að halda við athafnir daglegs lífs, sjálfstætt heimilishald, stuðning við foreldrahlutverk, samfélagslega þátttöku og til þess að koma í veg fyrir félagslega einangrun. Fulltrúi sósíalísta fagnar þessu leiðarljósi og leggur áherslu á að töf verði ekki við þjónustuveitingu.

Samþykkt velferðarráðs er hér með send borgarráði.

Óskað er eftir að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu reglnanna í B-deild stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um nýjar reglur Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir lögð fyrir fund velferðarráðs 6. október 2021.

Reglur Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 6. október 2021, um nýjar reglur Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Kostnaðarmat vegna reglna Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

Jafnréttisskimun.



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: *Nýjar reglur Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir*

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Samþykkt hefur verið að veita velferðarsviði aukna fjárheimild sem nemur alls 100 m.kr vegna nýrra reglna um stoð- og stuðningsþjónustu á árinu 2022, annars vegar 51 m.kr. vegna næturþjónustu og hins vegar 49 m.kr. til að vinna á biðlistum eftir stuðningsþjónustu.

Greinargerð:

Í meðfylgjandi drögum að reglum um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er fjallað um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 25.-27. gr. og XI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 1.-3. tl. og 5. tl. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði.

Fylgiskjöl:

1. Minnisblað um nýjar reglur Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, dags. 6. október 2021.
2. Drög að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
3. Kostnaðarmat.
4. Jafnréttisskimun.



Lagt fyrir 410. fund velferðarráðs 6. október 2021

VEL2021010038

RÁ/at/hjb

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: *Reglur Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.*

I. Lagagrundvöllur

Í meðfylgjandi drögum að reglum um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er fjallað um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, **sbr. 25.-27. gr. og XI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 1.-3. tl. og 5. tl. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.**

Í **25.-27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991** er að finna ákvæði þar sem kveðið er á um stuðningsþjónustu (áður nefnd félagsleg heimaþjónusta). Markmið stuðningsþjónustu er að aðstoða og hæfa notendur sem þurfa aðstæðna sinna vegna á stuðningi að halda við athafnir daglegs lífs og/eða til þess að rjúfa félagslega einangrun. Stuðningsþjónusta skal stefna að því að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi, sbr. 25. gr. fyrrgreindra laga. Í breytingum sem gerðar voru á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 fólst m.a. að einnig skuli veita aðstoð utan heimilis en ekki eingöngu inni á heimilinu eins og áður. Þá var sett almennt viðmið um að þjónusta samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga geti numið allt að 15 klukkustundum á viku en um aukna þjónustuþörf fari samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Í **XI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991** er kveðið á um þjónustu við fatlað fólk þar sem fram kemur að félagsmálanefnd skuli vinna að því að fötluðu fólki, hvort sem heldur er af líkamlegum eða andlegum ástæðum, séu tryggð sambærileg lífskjör og jafnrétti við aðra þjóðfélagsþegna. Jafnframt skulu fötluðu fólki sköpuð skilyrði til að lifa sem eðlilegustu lífi miðað við getu hvers og eins. Þá segir einnig að fatlað fólk skuli eiga

rétt á almennri þjónustu og aðstoð og því skuli veitt þjónusta á almennum stofnunum eftir því sem unnt er og við á.

Í 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er fjallað um stoðþjónustu (áður nefnd stuðningsþjónusta) og þær þarfir sem hún skal miðast við. Um er að ræða þá þjónustu sem fötluðu fólki er nauðsynleg til þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar þannig að það standi til jafns við aðra og að komið verði í veg fyrir félagslega einangrun þess.

Í drögum að reglum þessum endurspeglast sú sýn Reykjavíkurborgar sem kemur fram í *stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum* um að þjónustan skuli vera einstaklingsmiðuð, heildstæð og sveigjanleg. Henni er ætlað styðja við sjálfstætt og innihaldsríkt líf fatlaðs fólks, á heimili og í tómstundum. Lögð er áhersla á virðingu fyrir ólíkum einstaklingum og þörfum, sjálfræði og valdeflingu þeirra til að taka þátt í samfélaginu á eigin forsendum, taka ákvarðanir og bera ábyrgð í eigin lífi. Umgjörð þjónustu og aðstoðar miðar að því að tryggja rétt einstaklingsins til frelsis, athafna og upplifunar á eigin heimili og í tómstundum.

II. Efni reglnanna

Til einföldunar er lagt til að orðið stuðningur verði notað yfir stuðningsþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu, nr. 40/1991 og stoðþjónustu samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Jafnframt er orðið stuðningur notað yfir þá þjónustu sem umræddar reglur fjalla um.

Í meðfylgjandi drögum að reglum um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er kveðið á um þann stuðning sem veittur er einstaklingum, bæði innan og utan heimilis. Í 3. gr. reglnanna er að finna skilgreiningar á þeim þjónustubáttum sem um ræðir.

Í 4. gr. reglnanna er að finna almenn skilyrði fyrir því að umsókn um stoðþjónustu verði samþykkt. Þá þarf umsækjandi að uppfylla ákveðin skilyrði samkvæmt mati á stuðningsþörf, sbr. 6. gr. reglnanna. Mat á stuðningsþörf er gert í samvinnu við umsækjanda og tekur mið af þörfum hans fyrir stuðning í daglegu lífi vegna fötlunar til að geta lifað í samfélaginu án aðgreiningar og til að koma í veg fyrir einangrun hans. Við mat á stuðningsþörf og við forgangsröðun umsókna er m.a. litið til eftirfarandi atriða til að fá heildarmynd af stuðningsþörfum umsækjanda:

- a) Þarfa umsækjanda fyrir stuðning.
- b) Færni/getu og styrkleika.
- c) Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets.
- d) Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni.
- e) Hvaða afleiðingar töf á veitingu stuðnings hafi fyrir umsækjanda.
- f) Annars veitts stuðnings.

Lögð er áhersla á að vinna við matið og val á stuðningi fari fram í samvinnu við umsækjanda og taki mið af þörfum hvers og eins. Markmið stuðningsþjónustu er að aðstoða fatlaða einstaklinga sem þurfa vegna aðstæðna sinna á stuðningi að halda við athafnir daglegs lífs, sjálfstætt heimilishald, stuðning við foreldrahlutverk, samfélagslega þátttöku og til þess að koma í veg fyrir félagslega einangrun. Við framkvæmd stuðningsins skal hafa að leiðarljósi hugmyndafræðina um sjálfstætt líf og stuðning við notendur til sjálfshjálpar. Að mati loknu raðast umsóknir í forgangsröð á grundvelli viðmiða sem tilgreind eru á fylgiskjali 2 með reglum þessum, sbr. 1. mgr. 8. gr. reglnanna. Ef fyrirsjáanlegt er að stuðningurinn geti ekki hafist innan þriggja mánaða skal umsóknin sett á biðlista. Upplýsa skal umsækjanda um áætlaða lengd á biðtíma og hvaða stuðningur standi honum til boða á biðtímanum, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu, nr. 1035/2018, sbr. 2. mgr. 8. gr. reglnanna.

Samkvæmt 7. gr. reglnanna skal útfæra samþykktan stuðning í samvinnu við umsækjanda með gerð sérstakrar stuðningsáætlunar, áætlunar máls og/eða einstaklingsbundinnar þjónustuáætlunar. Þar skal m.a. koma fram tilgangur með stuðningi, hvernig settum markmiðum með stuðningi skuli náð, gildistími samþykkrar umsóknar, hvers konar stuðningur verði veittur, umfang stuðnings, verkefni og vinnutilhögun.

Samþykkja skal stuðning í fyrsta sinn til þriggja mánaða og meta fyrirkomulagið að þeim tíma loknum. Stuðningsáætlun skal endurmetin eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti og í kjölfar þess skulu gerðar viðeigandi breytingar eða stuðningi lokið, sbr. 1. mgr. 11. gr. reglnanna. Þegar breytingar verða á högum og aðstæðum skal endurmeta stuðningsþörf og ef hún er viðvarandi þarf ekki að sækja um að nýju heldur ber að endurnýja áætlun á tveggja ára fresti í samráði við notanda, sbr. 2. mgr. 11. gr. reglnanna.

Í 9. gr. reglnanna er að finna ákvæði um gjaldtöku en greitt er fyrir stuðningsþjónustu, þ.e. stuðning við heimilishald og heimsendan mat, samkvæmt gildandi gjaldskrá sem samþykkt er á fundi velferðarráðs árlega, sbr. 4. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir sem einungis hafa tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar ríkisins eða þar undir. Þeir sem hafa tekjur umfram tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins eða samsvarandi fjárhæð greiða aldrei hærrí upphæð fyrir þjónustu en sem nemur 50% af umframtekjum. Taka ber fram að hér er ekki um breytingu að ræða eða viðbótargjaldtöku. Um er að ræða óbreytt fyrirkomulag frá núgildandi reglum.

Samkvæmt 10. gr. reglnanna er stuðningur veittur á milli kl. 07:00 og 24:00. Almennt er stuðningur veittur á dagvinnutíma á virkum dögum. Í þessu sambandi er rétt að benda á 3. mgr. 10. gr. reglnanna en þar segir að almennt sé þjónustan veitt í formi innlita eða stuttrar viðveru en ekki er gert ráð fyrir stöðugri viðveru nema hjá þeim einstaklingum sem þurfa alltaf eftirlit og stuðning.

Í V. kafla reglnanna eru ákvæði sem lúta að kostnaði vegna stuðnings, ferðafyrirkomulagi og lyklotkun þegar þjónusta er veitt samkvæmt reglum þessum. Þá er einnig að finna

ákvæði er lúta að vinnuaðstæðum starfsfólks. Kveðið er á um að aðstæður á heimilum skuli vera í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þá er einnig kveðið á um að ef öryggi starfsfólks sé ógnað á heimilinu geti þurft að fresta stuðningi á meðan unnið er í málinu og úrbætur gerðar.

Í VI. kafla reglnanna er að finna ákvæði um málsmeðferð og eru þau ákvæði sambærileg öðrum reglum sem gilda um þjónustu sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitir, þó með þeirri viðbót að kveðið er á um viðeigandi aðlögun í 16. gr. reglnanna. Þar segir að við alla vinnslu og meðferð umsókna samkvæmt reglum þessum skuli tryggja að viðeigandi stuðningur, aðstoð og leiðbeiningar séu veittar til að einstaklingur geti nýtt sér stuðning. Felur þetta m.a. í sér að stuðningur og upplýsingar séu settar fram á því formi sem viðkomandi einstaklingur getur nýtt sér, tryggt sé að hann komi sínum sjónarmiðum á framfæri og sé kynntur réttur sinn til að vísa máli sínu lengra telji hann þörf á.

Í drögum að reglunum er að finna tvö bráðabirgðaákvæði. Það fyrra lýtur að því að umsóknir sem samþykktar voru í gildistíð eldri reglna halda gildi sínu í allt að 24 mánuði eftir gildistöku reglna þessara. Á þeim tíma fer, eftir atvikum, fram endurmat á umsóknum eða þær falla úr gildi ef ekki er lengur þörf fyrir stuðning.

III. Helstu breytingar

Núgildandi reglur um stuðningsþjónustu í Reykjavík voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 30. maí 2012 og á fundi borgarráðs þann 7. júní 2012. Í framangreindum reglum er stuðningsþjónusta skilgreind með eftirfarandi hætti:

- Liðveisla: Félagslegur stuðningur vegna samfélagsþátttöku út frá forsendum og markmiðum hvers og eins.
- Frekari liðveisla: Aðstoð vegna aukinna þjónustuparfa sakir fötlunar.

Lagt er til að þjónusta fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nefnist nú einu orði stuðningsþjónusta eða stuðningur, hvort sem um er að ræða stuðningsþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 eða stoðþjónusta samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Í núgildandi reglum um stuðningsþjónustu í Reykjavík er mati á stuðningsþörf þannig háttað að í öllum þáttum þess er að finna stigagjöf sem felur í sér hversu mikla þörf umsækjandi hefur fyrir þjónustu eða aðstoð í klukkustundum. Helsta breytingin sem lögð er til með nýjum reglum, fyrir utan heiti á ýmsum hugtökum og skilin á milli stoð- og stuðningsþjónustu, felast í því að ríkari áhersla verður lögð á samvinnu við umsækjanda um það hvers konar stuðningi umsækjandi þurfi á að halda. Horfið verður frá því að stuðningsþörf sé metin á grundvelli stiga sem ákvarða ákveðinn fjölda klukkustunda sem umsækjandi á rétt á að fá. Ný nálgun er talin geta mætt stuðningsþörfum umsækjenda betur og veitt meiri sveigjanleika. Áhersla er lögð á að einfalda alla umsýslu varðandi umsóknir og samþykktar umsóknir til hagsbóta fyrir umsækjendur. Þá er einnig lögð mikil áhersla á stafrænar lausnir.

Í drögum að reglum þessum er kveðið á um að stuðningur sé veittur milli kl. 07.00 og 24.00. Almennt er stuðningur veittur á dagvinnutíma á virkum dögum. Stuðningur að nóttu til felst í innliti allt að tvisvar sinnum, símtölum og skjáheimsóknum.

IV. Umsagnir hagsmunaaðila

Umræða um reglurnar hefur farið fram á samráðsfundum með hagsmunaaðilum til að undirbúa drög að reglum. Auk ofangreinds hefur verið unnið að reglunum með starfsfólki þjónustumiðstöðva.

Fulltrúar eftirfarandi aðila voru boðaðir á fundi sem haldnir voru dagana 15. til 24. febrúar 2021. Markmið fundanna var að kynna og ræða drög að reglum um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fullorðið fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sem send höfðu verið út fyrir fundinn.

Leitað var umsagna með formlegum hætti til eftirfarandi hagsmunaaðila:

- Geðhjálp.
- Þroskahjálp.
- Öryrkjabandalags Íslands.
- Réttindagæslumanna fatlaðs fólks í Reykjavík.
- Aðgengisnefndar í málefnum fatlaðs fólks.

Í lok funda var framangreindum hagsmunaaðilum boðið að senda inn skriflegar athugasemdir í samráðsgátt velferðarsviðs.

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks lagði fram eftirfarandi bókun á fundi þann 18. febrúar 2021:

Aðgengis- og samráðsnefnd þakkar kærlega fyrir kynningu á drögum að nýjum reglum um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk, 18 ára og eldra. Nefndin fagnar mikilli fagmennsku sem birtist í drögunum við að nútímavæða reglurnar og gera þær einfaldari og skýrari.

Af hálfu **Þroskahjálp** og **Öryrkjabandalags Íslands** voru gerðar ýmsar efnislegar athugasemdir ásamt tillögum að orðalagsbreytingum sem tekið var tillit til í flestum tilvikum.

Fulltrúar **Þroskahjálp** og **Öryrkjabandalags Íslands** mættu á velferðarráðsfund þann 19. maí 2021 og fylgdu eftir umsögnum sínum. Í framhaldi af því fundaði skrifstofa um málefni fatlaðs fólks með framangreindum hagsmunasamtökum þar sem farið var yfir þær breytingar sem gerðar voru á reglunum með tilliti til umsagna þeirra.

V. Gildistaka

Lagt er til að reglur um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir taki gildi þann 1. febrúar 2022.

Reglur Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

I. kafli

Almennt um stuðning fyrir fatlað fólk

1. gr.

Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 25.-27. gr. og XI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 1.-3. tl. og 5. tl. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Við framkvæmd reglna þessara skal framfylgja þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist og þá sérstaklega samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Í reglum þessum er orðið stoðþjónusta notað yfir stuðningsþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu nr. 40/1991 og stoðþjónustu samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Jafnframt er orðið stuðningur notað yfir þá þjónustu sem fellur undir framangreind ákvæði.

2. gr.

Markmið

Markmið stoðþjónustu samkvæmt reglum þessum er að veita fötluðu fólki stuðning til að koma til móts við stuðningsþarfir þess og skapa því skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum, sbr. 1. og 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og 19. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Markmiðið er að styðja einstaklinga sem þurfa, aðstæðna sinna vegna, á stuðningi að halda við heimilishald og athafnir daglegs lífs til þess að geta búið heima, verið sjálfstæðir og félagslega virkir. Stuðningur byggist fyrst og fremst á einstaklingsmarkmiðum hvers og eins sem uppfylla þarf til þess að hann geti lifað sjálfstæðu lífi.

3. gr.

Stuðningur

Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur á grundvelli 8. og 12. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og 1. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Með stuðningi í reglum þessum er átt við eftirfarandi þjónustubætti:

- a. *Sérhæfð ráðgjöf* felst í að veita fötluðu fólki og aðstandendum þeirra félagslega ráðgjöf og stuðning, t.d. varðandi ýmis réttindamál, velferðartækni og til sjálfstæðrar búsetu. Jafnframt felst ráðgjöfin í samræmingu ýmissa þátta, s.s. skóla, heimilis, tómstunda og vinnu, með því markmiði að stuðningur nýtist sem best. Sérhæfð ráðgjöf hefur það að

markmiði að aðstoða fatlað fólk til sjálfshjálpar en getur einnig falist í ráðgjöf til starfsmanna stoðþjónustu.

- b. *Hópstuðningur* er stuðningur sem veittur er í hópi, þegar við á, að höfðu samráði við viðkomandi einstakling.
- c. *Stoðþjónusta* er margháttaður stuðningur við athafnir daglegs lífs sem byggist meðal annars á einstaklingsbundnum þörfum fólks á grundvelli óska þess.
- d. *Stuðningur við athafnir daglegs lífs*, svo sem við að sinna persónulegu hreinlæti, klæðast/hátta, eftirlit með næringu og lyfjainntöku. Auk þess er stuðningur veittur með skjáheimsóknum.
- e. *Stuðningur við heimilishald* er stuðningur við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili einstaklings til að auðvelda honum heimilishald. Auk þess er um að ræða stuðning við að nýta velferðartækni sem auðveldar notanda heimilishaldið og starfsfólki að veita stuðninginn.
- f. *Félagslegur stuðningur* miðar einkum að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja til þátttöku í félags- og tómstundastarfi sem og að styðja við atvinnuþátttöku, nám o.fl. Slíkur stuðningur er ekki veittur í þeim tilvikum þegar aðrir aðilar bera ábyrgð á að veita stuðning.
- g. *Heimsending matar* fyrir þá sem ekki geta annast matseld sjálfir eða annast matseld með stuðningi og hafa ekki tök á að borða í félagsmiðstöðvum velferðarsviðs.
- h. *Þjálfun endurhæfingarteymis í heimahúsi* er tímabundin og byggir á þeim markmiðum sem viðkomandi setur sér og eru honum mikilvæg til að ráða við daglegt líf.
- i. *Aðstoð viðbragðsteymis* er veitt á heimilum þar sem verulegrar tiltektar er þörf áður en almenn stuðningsþjónusta getur hafist.

Leitast er við að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins. Þjónusta skal vera heildstæð, samfelld og samþætt. Viðkomandi einstaklingur skal vera á heimilinu þegar stuðningur er veittur og taka þátt í þeim verkum sem þarf að leysa af hendi, eftir því sem kostur er. Ef aðstæður eru með þeim hætti að einstaklingur getur ekki eða kýs að vera ekki til staðar getur stuðningur við heimilishald farið fram gegn skriflegu samþykki viðkomandi.

Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur bæði innan heimilis og utan.

Við veitingu stuðnings skal leitast við að nýta stafrænar og tæknilegar lausnir. Skal það háð samráði við viðkomandi einstakling.

II. kafli

Skilyrði fyrir stoðþjónustu

4. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn um stoðþjónustu verði samþykkt

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirtalin skilyrði til að fá stuðning samkvæmt reglum þessum.

- a) Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára. Ef einstaklingur er yngri en 18 ára vísast til reglna Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.
- b) Umsækjandi er fatlaður í skilningi laga, sbr. 1. og 2. tl. 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- c) Umsækjandi skal búa í sjálfstæðri búsetu. Einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimili eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu eiga ekki rétt á stuðningi samkvæmt reglum þessum.
- d) Umsækjandi skal vera metinn í þörf fyrir stuðning samkvæmt matsviðmiðum á fylgiskjali 1.

Umsækjanda skal tilkynnt um hvort umsókn hans hafi verið samþykkt og hvernig umsókn hans hafi verið metin samkvæmt d. lið 1. mgr. 4. gr. reglna þessara.

Einstaklingur sem náð hefur 67 ára aldri og sækir um stuðning samkvæmt reglum þessum getur átt rétt á þjónustu ef sýnt þykir að fötlun hans stafi ekki af aldurstengdri skerðingu.

Fatlað fólk sem er með lögheimili utan Reykjavíkur getur sótt um stuðning samkvæmt reglum þessum en skilyrði er að umsækjandi hafi lögheimili í Reykjavík þegar stuðningur hefst.

III. kafli

Umsóknir og mat

5. gr.

Aðgengi að stuðningi

Óski fatlaður einstaklingur eftir ráðgjöf og stuðningi skal panta viðtal við ráðgjafa á þjónustumiðstöð.

Leiði viðtöl í ljós að þörf sé á frekari stuðningi samkvæmt reglum þessum skal undirrita umsókn um stuðning. Í kjölfar þess skal lagt mat á stuðningsþörf umsækjanda í samvinnu við hann samkvæmt matsviðmiðum á fylgiskjali 1.

Með umsókn skulu eftirfarandi gögn liggja fyrir, eftir því sem við á, auk upplýsts sjálfsmats umsækjanda:

- a) Örkumat eða umönnunarmat.

- b) Viðurkenndar og samræmdar matsaðferðir, s.s. SIS og RAI.¹
- c) Staðfesting á fötlun, s.s. fullægjandi læknisvottorð eða staðfesting frá Greiningarstöð ríkisins.

6. gr.

Mat á stuðningsþörf

Mat á stuðningsþörf er gert í samvinnu við umsækjanda og tekur mið af þörfum hans fyrir þjónustu eða aðstoð í daglegu lífi vegna fötlunar til að geta lifað í samfélaginu til jafns við aðra og þannig stuðlað að samfélagslegri og félagslegri þátttöku. Mat á stuðningsþörf fer fram á heimili umsækjanda, á þjónustumiðstöð eða á öðrum vettvangi í samráði við umsækjanda. Stuðningsþarfir eru einstaklingsbundnar en geta einnig tekið mið af þörfum fjölskyldu umsækjanda þar með talið vegna umönnunar og uppeldis barna þeirra.

Við mat á stuðningsþörf er horft til heildaraðstæðna umsækjanda og skipulags daglegs lífs. Markmiðið er að styðja umsækjanda til að leita sem bestu mögulegu lausna við heimilishald og athafnir daglegs lífs til þess að geta búið heima, bjargað sér sjálfur og verið félagslega virkur. Mat á stuðningsþörf nær einnig til möguleika á að nýta tækni, hjálpartæki og/eða þess að breyta verklagi í athöfnum daglegs lífs með tilliti til nýrrar tækni kjósi umsækjandi það. Stuðningur byggist fyrst og fremst á þeim markmiðum sem umsækjandi setur sér í daglegu lífi. Við forgangsröðun umsókna skal líta til flokkunar á fylgiskjali 2 með reglum þessum.

Við mat á stuðningsþörf og við forgangsröðun umsókna skal litið til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðning:

- a. Þarfa umsækjanda fyrir stuðning.
- b. Færni/getu og styrkleika.
- c. Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets.
- d. Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni.
- e. Hvaða afleiðingar töf á veitingu stuðnings hafi fyrir umsækjanda.
- f. Annars veitts stuðnings.

Vísað er til matsviðmiða á fylgiskjali 1 með reglum þessum.

Þegar mat á stuðningsþörf hefur verið framkvæmt er umsóknin tekin fyrir á fundi matsteymis og á grundvelli mats er tekin ákvörðun um innihald, umfang og eðli þess stuðnings sem veittur er og útfærður í stuðningsáætlun í samvinnu við umsækjanda. Umsækjandi fær skriflegt svar þar sem fram kemur hvernig umsókn hans hefur verið afgreidd.

Þegar um er að ræða alvarleg veikindi skal stuðningur ætíð metinn, skipulagður og samhæfður með fagaðilum heimahjúkrunar í samræmi við þarfir umsækjanda.

¹ Support Intensity Scale (SIS) og Inter Resident Assessment Instrument-Home Care (RAI).

Sé niðurstaða mats á stuðningsþörf sú að aðstæður umsækjanda séu með þeim hætti að ekki sé þörf á stuðningi samkvæmt reglum þessum ber að synja umsókninni og skal málsmeðferð vera í samræmi við IV. kafla reglna þessara.

7. gr.

Stuðningsáætlun

Áður en stuðningur hefst skal gert samkomulag um stuðning, þ.e. stuðningsáætlun, áætlun um meðferð máls, sbr. 23. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og/eða einstaklingsbundin þjónustuáætlun, sbr. 8. tl. 2. gr. laga um um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, eftir því sem við á hverju sinni og vera í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð. Stuðningurinn skal ætíð byggja á skýrum markmiðum og koma skal fram hvernig árangur verði metinn reglulega.

Í stuðningsáætlun skal eftirfarandi koma fram:

- a. Tilgangur með stuðningi.
- b. Hvernig settum markmiðum með þjónustunni skuli náð.
- c. Gildistími samþykkrar umsóknar.
- d. Hvers konar stuðningur verði veittur.
- e. Umfang stuðnings.
- f. Verkefni og vinnutilhögun.
- g. Upphæð útlagðs kostnaðar þegar stuðningur er veittur. Miðað skal við upphæð á mánaðargrunni, sbr. viðmið velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Í stuðningsáætlun skal einnig kveða á um fyrirkomulag stuðnings vegna meðferðar einkafjármuna og lyknanotkunar umsækjanda.

Stuðningsáætlun skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Komist umsækjandi og ráðgjafi ekki að samkomulagi um fyrirkomulag stuðnings skal óska eftir sérstöku mati af hálfu þverfaglegs teymis innan þjónustumiðstöðvar. Tryggja skal að umsækjandi geti komið sínum sjónarmiðum á framfæri á þann hátt sem hentar viðkomandi.

8. gr.

Forgangsröðun umsókna

Uppfylli umsækjandi skilyrði 4. gr. reglna þessara og þörf er fyrir stuðning umfram sérhæfða ráðgjöf skal umsókn metin á grundvelli þeirra matsviðmiða sem tilgreind eru í 6. gr. og á fylgiskjali 1 með reglum þessum. Að mati loknu raðast umsóknir í forgangsröð á grundvelli viðmiða sem tilgreind eru á fylgiskjali 2 með reglum þessum. Þegar umsókn um stuðning hefur verið samþykkt er gerð stuðningsáætlun og einstaklingsbundin þjónustuáætlun, þegar við á, og stuðningur getur hafist. Sé ekki unnt að hefja stuðning um leið og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær áætlað er að stuðningur verði veittur.

Ef fyrirséð er að stuðningur geti ekki hafist innan þriggja mánaða skal umsókn sett á biðlista. Umsækjandi er upplýstur um áætlaða lengd á biðtíma og hvaða stuðningur standi honum til boða á biðtímanum, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um biðlista, forgangsröðun og úrræði á

biðtíma eftir þjónustu nr. 1035/2018. Þá skal veita aðra viðeigandi þjónustu á meðan beðið er eftir að þjónustan sem samþykkt hefur verið hefjist, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

IV. kafli

Framkvæmd

9. gr.

Gjaldtaka

Greitt er fyrir stuðningsþjónustu, þ.e. fyrir þrif og heimsendan mat, samkvæmt gildandi gjaldskrá sem samþykkt er á fundi velferðarráðs árlega, sbr. 4. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Heimilt er að sækja um undanþágu frá gjaldskyldu hvað varðar aðstoð við þrif ef umsækjandi fær aðeins tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar ríkisins eða þar undir.

10. gr.

Tími og umfang stuðnings

Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur milli kl. 07.00 og 24.00.

Almennt er stuðningur veittur á dagvinnutíma á virkum dögum. Stuðningur að nóttu til felst í innliti allt að tvisvar sinnum, símtölum og skjáheimsóknum.

Almennt er stuðningur samkvæmt reglum þessum veittur í formi innlita eða stuttrar viðveru en ekki er gert ráð fyrir stöðugri viðveru nema til þeirra einstaklinga sem þurfa alltaf eftirlit og stuðning samkvæmt mati á stuðningsþörf, sbr. 6. gr. reglna þessara.

Um umfang stuðnings vísast til 5. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Ákvörðun um stuðning felur í sér að aðstoð sé að jafnaði veitt í tiltekinn fjölda skipta í viku hverri á grundvelli mats á stuðningsþörf.

11. gr.

Gildistími og endurmat

Samþykkja skal stuðning til ákveðins tíma, í fyrsta skipti til þriggja mánaða en að þeim tíma liðnum skal endurmeta fyrirkomulagið með tilliti til framlengingar. Eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti skal endurmeta stuðningsáætlun, gera viðeigandi breytingar eða ljúka stuðningi. Meta skal stuðningsáætlun í samvinnu við þann sem nýtur stuðningsins. Endurmat á stuðningsáætlun skal skráð við endurnýjun stuðningsáætlunar þar sem jafnframt skal koma fram hvort stuðningur hafi skilað þeim markmiðum sem sett voru í upphafi. Þegar stuðningi lýkur skal árangur þjónustunnar skráður sérstaklega.

Þegar breytingar verða á aðstæðum og högum viðkomandi einstaklings skal endurmeta stuðningsþörf. Ef um er að ræða verulegar breytingar eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða gildistíma samþykkis og stuðningsáætlunar. Í þeim tilvikum sem stuðningsþörf er óbreytt þarf ekki að sækja um að nýju heldur skal endurnýja áætlun á tveggja ára fresti í samráði við viðkomandi einstakling. Fari sú endurskoðun ekki fram skal tryggja að ekki verði rof á þjónustu.

Ávallt skal tryggt að ekki verði um rof á þjónustu að ræða þegar endurmat á sér stað.

V. kafli.

Ýmis ákvæði

12. gr.

Kostnaður

Þegar stuðningur er veittur í tengslum við tómsundur ber viðkomandi einstaklingi að greiða fyrir sjálfan sig þann kostnað sem þar fellur til. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar endurgreiðir starfsmanni útlagðan kostnað hans þegar stuðningur er veittur, s.s. í tengslum við leikhús- og kaffihúsaferðir. Útlagður kostnaður skal tengdur þeim markmiðum sem sett eru hverju sinni og í samræmi við vilja lögráðamanns þegar við á.

13. gr.

Ferðir

Að jafnaði skal nota almenningssamgöngur þegar stuðningur er veittur utan heimilis.

14. gr.

Lyklanotkun

Ef starfsmaður þarf lykil að heimili einstaklings skal hann geymdur á starfsstöð starfsmanns. Kveða skal á um það í stuðningsáætlun og halda skal skrá yfir lyklanotkun. Það sama gildir um raflása.

15. gr.

Vinnuáðstæður

Aðstæður á heimilum skulu vera í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og skal því gætt fyllsta öryggis og góður aðbúnaður tryggður.

Sé öryggi starfsfólks ógnað á heimilinu, t.d. vegna óreglu eða áreitni notanda, getur þurft að fresta stuðningi á meðan unnið er í málinu og úrbætur gerðar.

VI. kafli

Málsmeðferð

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993, ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og ákvæði VII. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

16. gr.

Viðeigandi aðlögun

Við alla vinnslu og meðferð umsókna samkvæmt reglum þessum skal tryggja að viðeigandi stuðningur, aðstoð og leiðbeiningar séu veittar til að einstaklingur geti nýtt sér stuðninginn. Í því felst m.a. að upplýsingar séu settar fram á því formi sem viðkomandi einstaklingur getur nýtt sér, tryggt sé að hann komi sínum sjónarmiðum á framfæri og sé kynntur réttur sinn til að vísa máli sínu lengra, telji hann þörf á.

17. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að beiðni um viðtal berst. Sama á við ef þjónustumiðstöð berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

18. gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og við ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við lögráðamann eða persónulegan talsmann hans eftir því sem við á.

Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu hvað varðar þjónustu við fatlað fólk, sbr. 32. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

19. gr.

Endurskoðun

Rétt til stuðnings samkvæmt reglum þessum má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans og umfang stuðnings.

Ef umsókn um stuðningsþjónustu hefur verið samþykkt og í ljós kemur síðar að hún var byggð á röngum eða villandi upplýsingum af hálfu umsækjanda getur það leitt til afturköllunar ákvörðunar.

20. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri til að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um stoð- og stuðningsþjónustu hefur verið samþykkt og í ljós kemur síðar að hún var byggð á röngum eða villandi upplýsingum af hálfu umsækjanda getur það leitt til afturköllunar ákvörðunar.

21. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi umsækjenda skulu varðveitt á öruggan hátt í samræmi við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, skjalavistunaráætlanir og reglur borgarinnar.

Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um málefni umsækjanda er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Starfsmönnum er óheimilt að rjúfa trúnað nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Umsækjandi getur óskað eftir aðgangi að fyrirliggjandi gögnum er varða hann sjálfan. Við mat á því hvaða gögnum verður miðlað skal meðal annars litið til ákvæða persónuverndarlaga, upplýsingalaga auk annarra laga og reglna sem kunna að eiga við hverju sinni.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu borgarinnar.

22. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsfólk velferðarsviðs Reykjavíkurborgar bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.

23.gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

24. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar og mats á stuðningsþörf svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn synjað skal umsækjandi fá svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi lagaákvæða og/eða ákvæða í reglum þessum og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar taki umsóknina til meðferðar en slík beiðni skal berast nefndinni innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.

25. gr.

Heimild áfrýjunarnefndar Reykjavíkurborgar til að veita undanþágu frá reglum þessum

Um áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar gilda reglur þar að lútandi sem byggja á 3. mgr. 6. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni til áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Stuðningur getur þó hafist á grundvelli ákvörðunar velferðarsviðs Reykjavíkurborgar þó að mál sé til meðferðar hjá áfrýjunarnefnd velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar skal kynnt umsækjanda og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

26. gr.

Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur kært ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

27. gr.

Gildistaka

Reglur þessar kveða á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita og eru settar með stoð í 25.-27. gr. og XI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 1.-3. tl. og 5. tl. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Reglur þessar öðlast gildi þann 1. febrúar 2022. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um stuðningsþjónustu í Reykjavík sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 30. maí 2012 og á fundi borgarráðs þann 7. júní 2012, með áorðnum breytingum.

Bráðabirgðaákvæði I

Umsóknir sem samþykktar voru í gildistíð eldri reglna halda gildi sínu í allt að 24 mánuði eftir gildistöku reglna þessara, eða þar til ákvörðun liggur fyrir. Á þeim tíma fer, eftir atvikum, fram endurmat á umsóknum eða þær falla úr gildi ef ekki er lengur þörf fyrir stuðning.

Fylgiskjal 1

Mat á stuðningsþörf samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

Við mat á stuðningsþörf skal m.a. horft til eftirfarandi atriða og við lok mats skal tekin saman niðurstaða ráðgjafa/fagfundar/teymis:

1. Félagslegar aðstæður

- a. Tengslanet
- b. Heimilisaðstæður
- c. Annað sem snýr að félagslegum aðstæðum

2. Samfélagsleg þátttaka og virkni

- a. Atvinna
- b. Nám
- c. Tómsundur
- d. Áhugamál
- e. Félagsstarf
- f. Annað sem snýr að samfélagslegri þátttöku og virkni

3. Félagsleg færni

- a. Samskiptafærni
- b. Ákvörðunartaka
- c. Vinna í hópi
- d. Annað sem snýr að félagslegri færni

4. Styrkleikar

- a. Styrkleikar umsækjanda

5. Athafnir daglegs lífs

- a. Daglegar athafnir
- b. Svefn
- c. Næring
- d. Persónulegt hreinlæti
- e. Heimilishald
- f. Hjálpartæki
- g. Annað sem snýr að athöfnum daglegs lífs

6. Heilsa

- a. Andleg heilsa
- b. Líkamleg heilsa
- c. Lyf
- d. Óþol/ofnæmi
- e. Annað sem snýr að heilsu

7. Háttsemi

- a. Ofbeldi
- b. Sjálfskaðandi háttsemi

- c. Fíknivandi
- d. Annað sem snýr að háttsemi

Hvert og eitt atriði er metið sérstaklega með tilliti til stöðu umsækjanda, stuðningsþarfar og núverandi stuðnings, hvort sem hann er veittur af Reykjavíkurborg eða öðrum aðilum.

Fylgiskjal 2.

Forgangsröðun samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

Við mat á forgangi er byggt á matsviðmiðum á fylgiskjali 1, þar sem litið er til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðning:

- Færni, getu og styrkleika
- Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets
- Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni
- Hvaða afleiðingar töf á veitingu á stuðningi hafi fyrir umsækjanda
- Annars stuðnings sem viðkomandi fær

1. Neyðarástand.

Aðstæður einstaklings eru með þeim hætti að veita þarf stuðning tafarlaust. Um er að ræða stuðning þegar einstaklingi er hætta búin, alvarleg áföll verða eða veikindi koma upp. Töf á veitingu stuðnings hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir notendur.

2. Stuðningur er til staðar.

Aðstæður einstaklings eru með þeim hætti að viðeigandi stuðningur er til staðar og mikilvægt er að viðhalda honum. Áframhaldandi stuðningur er nauðsynlegur.

3. Snemmtæk íhlutun.

Aðstæður einstaklings eru með þeim hætti að inngríp þarf í forvarnarskyni, til þess að fyrirbyggja þróun til verri vegar og þörf fyrir meiriháttar inngríp síðar meir. Töf á veitingu stuðnings hefur verulegar afleiðingar í för með sér fyrir notendur.

4. Töf hefur óverulegar afleiðingar.

Aðstæður einstaklings eru ekki með þeim hætti að veita þurfi stuðninginn strax, m.a. með hliðsjón af félagslegum aðstæðum og öðrum veittum stuðningi. Töf á veitingu stuðnings hefur óverulegar afleiðingar.



Kostnaðarmat

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: *Kostnaðarmat vegna reglna Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.*

Helsta breytingin sem leiðir til kostnaðarauka er að komið verður betur til móts við einstaklingsbundnar þarfir fullorðins fatlaðs fólks með heildstæðri þjónustu svo sem næturþjónustu. Þá verður mun skýrara hverjir eiga rétt á stoðþjónustu á grunni laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir en einungis þeir sem eru með langvarandi stuðningsþarfir og hafa fullnýtt rétt sinn skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga eiga tilkall til þjónustu á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk.

Skilgreiningar og afmörkun viðfangsefnis

Þegar allir þeir þjónustubættir eru skoðaðir sem núgildandi reglur um stuðningsþjónustu ná til var fjöldi fatlaðra einstaklinga eldri en 18 ára sem nutu þjónustu hjá velferðarsviði á árinu 2020, fyrir utan þá sem búa í sértækum úrræðum, samtals 470 í heimaþjónustu, 203 í liðveislu, 193 í frekari liðveislu og 18 stuðningsfjölskyldur. Gert er ráð fyrir að sú stuðningsþjónusta (áður heimaþjónusta) sem veitt er fötluðu fólki eldri en 18 ára falli undir reglur þessar.

Tafla 1: Fjöldi fatlaðs fólks sem nýtur stoðþjónustu, sundurliðað á tegund þjónustunnar

Þjónusta á árinu 2020	Fjöldi einst. í þjónustu
Heimaþjónusta	470
Liðveisla	203
Frekari liðveisla	193
Stuðningsfjölskyldur	18
Samtals	884

Á árinu 2020 voru að meðaltali 189 einstaklingar á bið eftir þjónustu en hluti þeirra gæti þó hafa fengið aðra þjónustu meðan á bið stóð.

Aðferð og nánari útskýringar

Við gerð kostnaðarmats vegna nýrra reglna Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu er fjárhagsáætlun 2021 lögð til grundvallar. Fjárheimild ársins 2021 vegna stuðningsþjónustu við fatlaða nemur 1.680 m.kr.

Stuðningsþjónusta (áður nefnd heimaþjónusta)

Að meðaltali voru einstaklingar að fá 16 klukkustundir á mánuði í dag-, kvöld- og helgarþjónustu á árinu 2020. Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður fyrir þá 470 einstaklinga sem nýta sér þjónustuna er 972 m.kr.

Tafla 2: Fjárheimild stuðningsþjónustu (áður nefnd heimaþjónusta)

Þjónusta	Meðalfjöldi vinnust. á mán.	Meðalfjöldi notenda/mán.	Fjárheimild 2021 í þús.
Heimaþjónusta	16	470	972.400

Stuðningsþjónusta (áður nefnd liðveisla)

Að meðaltali voru einstaklingar, 18 ára og eldri að fá 18 klukkustundir á mánuði í liðveislu á árinu 2020. Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður fyrir þá 203 einstaklinga sem nýta sér þessa þjónustu er 490 m.kr. Ef stytta á biðlista vegna stuðningsþjónustu að þá eru í hverjum mánuði að meðaltali 110 einstaklingar á bið eftir liðveislu. Viðbótarkostnaður vegna þjónustu við þennan hóp er áætlaður a.m.k. 116 m.kr. á ári.

Tafla 3: Fjárheimild og biðlistar stuðningsþjónustu (áður nefnd liðveisla)

Þjónusta	Meðalfjöldi vinnust. á mán.	Meðalfjöldi notenda/mán.	Fjárheimild 2021 í þús.kr.	Meðalfj. á biðlistum/mán.	Áætl. árlegur kostn. v/biðlista í þús.kr.
Liðveisla	18	203	490.000	110	116.000

Matið tekur ekki tillit til annarrar sértækrar þjónustu eins og á heimilum fatlaðs fólks.

Stuðningsþjónusta (viðbragðsteymi heimaþjónusta)

Viðbragðsteymi heimaþjónustu mun starfa með sama hætti þvert á borgina. Ekki er gert ráð fyrir neinni kostnaðaraukningu vegna þessara reglna. Um er að ræða sameiginlegt þjónustuteymi heimaþjónustu og stuðningsþjónustu samtals 3 stöðugildi.

Stoðþjónusta (áður nefnd frekari liðveisla)

Að meðaltali voru einstaklingar að fá 34 klukkustundir á mánuði í frekari liðveislu á árinu 2020.

Áætlaður árlegur kostnaður fyrir þá 193 einstaklinga sem nýta sér þessa þjónustu er um 217 m.kr. Kostnaðarmat vegna þeirra einstaklinga sem eru á biðlista vegna stoðþjónustu er áætlaður 39,7 m.kr. árlega en 44 einstaklingar eru nú á biðlistum.

Tafla 4: Stoðþjónusta (áður nefnd frekari liðveisla)

Þjónusta	Meðalfjöldi vinnust. á mán.	Meðalfjöldi notenda/mán.	Fjárheimild 2021 í þús.kr.	Meðalfj. á biðlistum/mán.	Áætl. árlegur kostn. v/biðlista í þús.kr.
Frekari liðveisla	34	193	217.600	44	39.800

Stuðningsþjónusta (hópastarf og námskeið)

Lögð verður áhersla á hópastarf þar sem við á. Einnig verður lögð áhersla á fræðsluefni og námskeið fyrir fatlað fólk s.s. til stuðnings við sjálfstæða búsetu, kennslu í heimilishaldi o.fl. Ekki er gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna þessa.

Stöðugildi næturvaktar

Í 10. grein reglnanna er lagt til að komið verði á næturfjónustu. Stuðningur að nóttu til felst í innliti allt að tvisvar sinnum, símtölum og skjáheimsóknum. Áætlaður árlegur launakostnaður vegna tveggja starfsmanna á næturvöktum alla daga ársins með sumarafleysingum, veikindum og launatengdum gjöldum er um 51 m.kr.

Samanburður við aðra stoðþjónustu

Kostnaður vegna stoð- og stuðningsþjónustu er hlutfallslega lægri miðað við önnur úrræði eins og NPA samninga eða búsetuúrræði. Hér fyrir neðan má sjá meðalkostnað á árinu 2020 eftir þjónustutegund.

Tafla 5: Kostnaður á ári pr. einstakling

Þjónusta	Meðalkostn. pr/einstakling í þús.kr.
NPA samningar	26.400
Búsetuúrræði flokkur I	13.400
Búsetuúrræði flokkur II	21.100
Búsetuúrræði flokkur III	35.400
Búsetuúrræði flokkur IV	68.000
Búsetuúrræði geðfatlanir flokkur I	8.100
Búsetuúrræði geðfatlanir flokkur II	12.300
Búsetuúrræði geðfatlanir flokkur III	14.100

Tafla 7: Fjárheimild ársins 2021, fjárhæðir í þús.kr.

Þjónusta	Fjárheimild
Heimaþjónusta	972.400
Liðveisla	490.000
Frekari liðveisla	217.600
Samtals fjárheimild 2021	1.680.000

Samhliða reglubreytingunum leggur skrifstofa fjármála og rekstrar til að breyting verði gerð á fjárhagslíkani sviðsins svo að þjónusta vegna stoðþjónustu verði sér þjónustubáttur. Skipta þarf fjárheimild sem fellur undir núverandi skipulag þ.e. þjónustubáttinn stuðningsþjónustuna á milli stoðþjónustu fyrir fatlaða einstaklinga sem nemur 972 m.kr. og stoðþjónustu fyrir aðra sem nemur 1.276 m.kr. Einnig er lagt til að skoða einföldun á greiðslum beingreiðslusamninga í gegnum Málaskrá og fjárhagskerfið Unit4/Agresso.

Næturvaktirnar munu tryggja heildstæða þjónustu og mæta þörfum notenda. Með þessu fyrirkomulagi verður fólki gert kleift að búa lengur í eigin húsnæði.

Markmiðið er að veita öflugan stuðning, ná betri yfirsýn og betri nýtingu á tíma starfsfólks og áherslu á hópa- og námskeiðahald þvert á borgina.

Velferðarsvið leggur til að framtíðarfjárbörf vegna stuðningsþjónustu verði metin að loknu heilu starfsári þar sem gera megi ráð fyrir að reynsla verði komin á framkvæmd reglnanna að þeim tíma liðnum.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	20.3.2020
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	4. október 2021
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Aðalbjörgu Traustadóttur
Verkefni/tillaga:	Tillaga að Reglum Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir
Þjónustubáttur:	
Stofnun/kostn.st.:	F4* Málaflokkur fatlaðra
Fjárhæð:	100 m.kr. á ári
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Markmiðið með nýjum reglum Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er að aðlaga reglur Reykjavíkurborgar að lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Já, tillagan snýr að fötluðum einstaklingum óháð kyni og reglurnar lúta að öllum fötluðum einstaklingum með langvarandi stuðningsþarfir sem þurfa á stuðnings- eða stoðþjónustu að halda.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Breytingarnar snerta bæði einstaklinga og fjölskyldur og öll kyn.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.